



Borgarráð

Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Spor í sandinn vegna lóðavilyrðis að Stekkjarbakka Þ73

Á fundi borgarráðs þann 27. febrúar 2020 lagði borgarfulltrúi sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er upplýsinga um hvort þeir lögaðilar sem hafa fengið lóðavilyrði við Stekkjarbakka Þ73, Spor í sandinn, hafi skilað inn gögnum og uppfyllt þau skilyrði sem fram koma á vef Reykjavíkurborgar vegna lóðaúthlutunar. Nú þegar hefur borgin borið margvíslegan kostnað vegna skipulags við Stekkjarbakka. Þá er rétt að benda á að vilyrði fyrir lóð var veitt án auglýsingar eða útboðs. Þegar lögaðilar fá úthlutaðri lóð þurfa þeir að leggja fram ítarleg gögn. Yfirlýsingu frá banka eð annarri fjármálastofnun sem til að sýna fram á að tilboðsgjafi geti staðið undir kostnaði við áætlaðan byggingarkostnað, gatnagerðargjaldi og kaup á byggingarrétti. Þá skulu lögaðilar leggja fram ársreikning vegna síðasta árs og skila inn lánsloforði eða yfirlýsingu banka um fjármögnun.

Þann 28. febrúar var fyrirspurnin send skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til umsagnar.

Ofangreind fyrirspurn varðar lóðavilyrði við Stekkjarbakka Þ73. Spurt er hvort reglum um lóðaúthlutun hafi verið fylgt eftir en ekki var um lóðaúthlutun að ræða. Munur er á lóðarúthlutun og lóðavilyrði í stjórnslulegum og lagalegum skilningi og eiga mismunandi reglur við eftir því sem um ræðir. Þegar veitt er lóðavilyrði eins og í umræddu máli er farið eftir samþykktri stefnumörkun og reglum varðandi lóðavilyrði en þegar lóð er úthlutað er farið eftir samþykktri stefnumörkun og reglum varðandi lóðarúthlutun. Við úthlutun lóða í Stekkjarbakka verður farið eftir reglum varðandi lóðaúthlutun.

Helga Björg Ragnarsdóttir

